

MAGNÚS MAGNÚSSON

## ÁDDRAGANDI AÐ STOFNUN RAUNVÍSINDASTOFNUNAR HÁSKÓLANS

Á SJÖTTA ÁRATUG síðustu aldar var ástundun raunvísinda við Háskóla Íslands einkum í formi kennslu. Kennsla í efnafræði við læknadeild og verkfræðideild var í höndum Trausta Ólafssonar, sérfræðings við iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans, sem var aðeins að nafninu til tengd Háskóla Íslands og þar fór fram verkleg kennsla. Engin aðstaða til rannsókna var við háskólann. Sama má segja um eðlisfræði.

Prófessorar við verkfræðideild höfðu enga aðstöðu til rannsókna við háskólann. Rannsóknir þeirra voru stundaðar utan háskólans eða erlendis. Prófessor Leifur Ásgeirsson stundaði rannsóknir við Courant stofnunina í New York 1954-1956. Prófessor Trausti Einarsson vann að mælingum á þyngdarsviði á Íslandi og var virkur í rannsóknum á Heklugosinu 1947-1948 og við bergsegulmælingar.

Á árinu 1955 komst hreyfing á umræður um rannsóknir í raunvísindum á Íslandi. Í ágúst 1955 var haldin í Genf í Sviss fyrsta ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um friðsamlega nýtingu kjarnorku. Fulltrúar Íslands á ráðstefnunni voru Kristján Albertsson, sendiráðsfulltrúi í París, Þorbjörn Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og Magnús Magnússon. Á ráðstefnunni beindist athygli Þorbjörns og Magnúsar fyrst og fremst að möguleikum á notkun geislavirkra efna á ýmsum sviðum, svo sem í læknisfræði, landbúnaði og iðnaði. Í skýrslu til ríkisstjórnarinnar um ráðstefnuna voru gerðar tvær tillögur:

1. Að komið verði á fót rannsóknastofu, sem hafi með höndum geisla- mælingar og forgöngu og eftirlit með notkun geislavirkra efna í þágu læknávisinda og atvinnuvega.
2. Að strax verði gerðar ráðstafanir til rækilegrar athugunar á möguleikum til framleiðslu þungs vatns á Íslandi með notkun jarðhita.

Í framhaldi á vegum sendir vakti áhuga má

Í janúar 19. nefndar Íslands ar var Jakob G fyrirtæki. Þorb son var ráðinn nefndir, sem hv notkun geislav til mælinga á g Íslands dags. I taka að sér reks skólaráðs 26. j þörf á því, að k nt því, að þessi legar fjárveitin væri starfslíð v háskólaráðs 3. orsembætti í ei gangi þessa má eignasala í Wir stóll í náttúruv: að fé yrði veitt til menntamála is 17. desembe til rannsóknast P. Gíslasyni. Þ: essorsembættis issjóð í för me um, sem þegar frumvarp til la; deild Háskóla Í voru samþykkt er 1957 og hon vísir að rannsó Á fundi Kja orkumálastjóri.

Í framhaldi af ráðstefnunni var í desember 1955 haldin sýning í Reykjavík á vegum sendiráðs Bandaríkjanna um friðsamlega rýtingu kjarnorku. Sýningin vakti áhuga margra á kjarnorku og raunvísindum almennt.

Í janúar 1956 var Kjarnfræðanefnd Íslands stofnuð að frumkvæði Landsnefndar Íslands í AOR (Alþjóða Orkumála Ráðstefnunni), en formaður hennar var Jakob Gíslason, raforkumálastjóri. Stofnmeðlimir voru 26 stofnanir og fyrirtæki. Þorbjörn Sigurgeirsson var kjörinn formaður og Magnús Magnússon var ráðinn framkvæmdastjóri. Kjarnfræðanefndin skipaði nokkrar undirnefndir, sem hver gerði tillögur um rannsóknir á sínu sviði, fyrst og fremst um notkun geislavirkra efna. Forsenda þeirra rannsókna var að hér væri aðstaða til mælinga á geislavirkum efnum. Með bréfi Kjarnfræðanefndar til Háskóla Íslands dags. 13. júlí 1956 spurðist nefndin fyrir um, hvort háskólinn vildi taka að sér rekstur rannsóknastofunnar, ef stofnuð yrði. Á sérstökum fundi háskólaráðs 26. júlí 1956 var eftirfarandi bókun gerð: „Háskólaráð telur brýna þörf á því, að komið verði upp rannsóknarstofu til geisla-mælinga og er hlynt því, að þessi stofnun verði tengd háskólanum, svo framarlega sem nauðsynlegar fjárveitingar fást til framkvæmda”. Jafnframt benti háskólinn á að ekki væri starfslið við skólann, sem staðið gæti fyrir slíkum mælingum. Á fundi háskólaráðs 3. febrúar 1956 var lögð fram tillaga um, að stofnað yrði prófessorsembætti í eðlisfræði við verkfræðideild og samþykkt „að vinna að framgangi þessa máls”. Tilefnið var m.a. dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar, fasteignasala í Winnipeg, sem bundin var því skilyrði, að stofnaður yrði kennarastóll í náttúruvísindum við háskólann. Kjarnfræðanefndin beitti sér fyrir því, að fé yrði veitt á fjárlögum fyrir árið 1957 til rannsóknastofunnar með bréfum til menntamálaráðuneytisins 31. ágúst 1956 og til fjárveitinganefndar Alþingis 17. desember 1956. Með því að tengja saman dánargjöfina, fjárveitinguna til rannsóknastofunnar og kostnað við stundakennslu í eðlisfræði tókst Gylfa Þ. Gíslasyni, þáverandi menntamálráðherra, að sýna fram á, að stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði myndi „í rauninni ekki hafa nein útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, umfram það, sem nú er og beinlínis leiðir af ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar”. Hinn 5. apríl 1957 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknastofu til geisla-mælinga. Löggin voru samþykkt og Þorbjörn Sigurgeirsson var skipaður prófessor 1. september 1957 og honum falið að veita rannsóknastofunni forstöðu. Þetta var fyrsti vísir að rannsóknnaðstöðu í raunvísindum við Háskóla Íslands.

Á fundi Kjarnfræðanefndar Íslands 15. maí 1957 bar Jakob Gíslason, raforkumálastjóri, fram ákveðnar óskir um, að rannsóknastofan tæki að sér, að

## UN SKÓLANS

vísinda við Háskóla  
ræði við læknadeild  
nar, sérfræðings við  
að nafninu til tengd  
östaða til rannsókna

rannsókna við háskóla-  
a erlendis. Prófessor  
nunina í New York  
á þyngdarsviði á Ís-  
48 og við bergsegul-

nir í raunvísindum á  
ráðstefna Sameinuðu  
lands á ráðstefnunni  
þjörn Sigurgeirsson,  
Magnússon. Á ráð-  
og fremst að mögu-  
sem í læknisfræði,  
m ráðstefnuna voru

neð höndum geisla-  
lavirkra efna í þágu

ugunar á möguleik-  
un jarðhita.

frumkvæði Gunnars Böðvarssonar, yfirverkfræðings jarðhitadeildar raforku-málaskrifstofunnar, „tritíum mælingar og ísótópagreiningu á vatni” vegna jarðhitarannsóknna. Meðan Þorbjörn var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins hóf hann bergsegulmælingar ásamt prófessor Trausta Einarssyni. Þessar mælingar flutti hann með sér til Háskóla Íslands ásamt rekstri segulmælingastöðvar sem Rannsóknaráð setti upp í tengslum við alþjóðlega jarðeðlisfræðiárið 1957-58.

Rannsóknastofan, sem hafði þannig fengið aukið verksvið, fékk síðar nafnið Eðlisfræðistofnun Háskólans og gekk hún inn í Raunvísindastofnun Háskólans þegar hún var stofnuð nfu árum seinna.

Með samþykkt laga um Vísindasjóð árið 1957 má segja að vaknað hafi skilningur á því að styðja við og efla undirstöðurannsóknir á Íslandi.

Á árinu 1959 kom forstjóri fræðslu- og tæknideildar Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, Dr. Alexander King, til Íslands til að kynna sér kennslu og rannsóknir í raunvísindum hér á landi. Í skýrslu sinni lagði hann áherslu á nauðsyn þess að auka framlög til undirstöðurannsókna í raunvísindum og til æðri menntunar á því sviði til að hér verði nægilegt starfslið til að notfæra nýjar uppgötvanir og tækniframfarir. Hann benti sérstaklega á að huga þurfi að raunvísindum við Háskóla Íslands, bæði hvað varðar kennslu og rannsóknastofnanir í völdum grunnvísindum.

Á árinu 1959 starfaði á vegum Rannsóknaráðs ríkisins fimm manna nefnd undir forystu Björns Sigurðssonar, forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og formanns rannsóknaráðsins, til að gera tillögur um eflingu undirstöðurannsókna í raunvísindum á Íslandi. Háskóli Íslands átti tvo fulltrúa í nefndinni, annar þeirra hefur verið Þorbjörn Sigurgeirsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri rannsóknaráðsins. Í drögum að nefndaráliti segir að meginefni í tillögu nefndarmanna sé, „að hér á landi verði stofnað til grunnrannsókna í helztu greinum náttúruvísinda, þ.e. stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, dýrafræði, líffræði og læknisfræði.” Nefndarmenn urðu sammála um, „að bezt mundi að gera hinar nýju stofnanir að sérstakri deild við Háskóla Íslands og nefna hana Náttúruvísindadeild”. Bent er á að Háskóli Íslands verði bráðum 50 ára, en rannsóknastarfsemi í raunvísindum sé enn mjög lítil. Þá segir: „Þegar tekið verður að leggja grunninn að þessum veigamesta þætti nútímamennningar hér á landi, virðist einsætt að gera hinar nýju rannsóknastofur að háskólastofnunum, sem mundu eflaust smám saman hefja akademískt líf í landinu á herra stig”. Nefndarstarf féll niður við fráfall Björns Sigurðssonar í október 1959, en nefndarstarfið undir forystu Björns hafði þó veruleg áhrif á framgang þessa máls og hefur vafalítið verið

kveikjan að því að málið vaskólinn tvo fulltrúa í nefnd

Í mars 1961 fól prófessor Magnússyni, Trausta Einar Steingrím Baldurssyni úr íngi jarðhitadeildar raforku að bæta aðstöðuna við há svo og að gera tillögur um j afmæli háskólans 1961.

Tillögum var skilað 26 við Háskóla Íslands”, sem sviði stærðfræði, eðlisfræð unum var stofnunin nefnd lagt til að við háskólann ve höndum rannsóknir í stær Einn nefndarmanna, Leifu fræðilegra rannsókna, að i landi í samvinnu við aðrar sonar við norræna áhrifan slíkri stofnun. Með tillögu stofnunar Háskóla Íslands tók saman að ósk nefndari vísindastofnun Háskólans”

Í tillögum nefndarinnar í stórum dráttum þriðjætt:

1. Fyrirfram ákveðna störf, svo sem hagr ir í líffrænni efnafr metrískar mælinga eindarannsóknir. s sviðsmælingar og ir, norðurljóssaran hnatta, þyngdarmæ grunnvatns, jarðhit
2. Meira eða minna deilda.

hitadeildar raforku-  
gu á vatni" vegna  
óri Rannsóknaráðs  
Trausta Einarssyni.  
Ísamt rekstri segul-  
við alþjóðlega jarð-

erksvið, fékk síðar  
Raunvísindastofnun

gja að vaknað hafi  
r á Íslandi.

Efnahagssamvinnu-  
anna sér kennslu og  
gði hann áherslu á  
raunvísindum og til  
fslið til að notfæra  
ega á að huga þurfi  
r kennslu og rann-

fimm manna nefnd  
mastöðvar Háskóla  
sins, til að gera til-  
Íslandi. Háskóli Ís-  
þorbjörn Sigurgeirs-  
Í drögum að nefnd-  
ð hér á landi verði  
ða. þ.e. stærðfræði,  
nisfræði." Nefndar-  
ju stofnanir að sér-  
indadeild". Bent er  
rfsemi í raunvísinda-  
a grunninn að þess-  
einsætt að gera hin-  
eflaust smám sam-  
rí féll niður við frá-  
arfið undir forystu  
æfur vafalítið verið

kveikjan að því að málið var tekið upp innan Háskóla Íslands, enda átti háskólinn tvo fulltrúa í nefndinni.

Í mars 1961 fól prófessor Ármann Snævarr, sem kjörinn hafði verið háskólarektor í nóvember 1960, prófessorunum Leifi Ásgeirssyni, Magnúsi Magnússyni, Trausta Einarssyni og Þorbirni Sigurgeirssyni úr verkfræðideild, Steingrími Baldurssyni úr læknadeild og Gunnari Böðvarssyni, yfirverkfræðingi jarðhitadeildar raforkumálaskrifstofunnar, „að gera grein fyrir þörfum á að bæta aðstöðuna við háskólann til raunvísindalegra undirstöðurannsókna svo og að gera tillögur um það efni". Var þetta liður í undirbúningi fyrir 50 ára afmæli háskólans 1961.

Tillögum var skilað 26. maí 1961 um „rannsóknastofnun í raunvísindum við Háskóla Íslands", sem gæti orðið „miðstöð fyrir vísindalegar rannsóknir á sviði stærðfræði, eðlisfræði, efnifræði og jarðeðlisfræði". Í drögum að tillög- unum var stofnunin nefnd „Stærðfræði- og eðlisfræðistofnun Háskólans", en lagt til að við háskólann verði komið á fót „raunvísindastofnun, sem hafi með höndum rannsóknir í stærðfræði, eðlisfræði, efnifræði og jarðeðlisfræði". Einn nefndarmanna, Leifur Ásgeirsson, taldi það æskilegri skipan jarðeðlis- fræðilegra rannsókna, að fyrir þær verði komið upp sérstakri stofnun hér á landi í samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir, en viðræður Gunnars Böðvarssonar við norræna áhrifamenn í þeirri grein höfðu leitt í ljós áhuga þeirra á slíkri stofnun. Með tillögnum fylgdi greinargerð um „samvinnu raunvísinda- stofnunar Háskóla Íslands við hagnýtar rannsóknir", sem Gunnar Böðvarsson tók saman að ósk nefndarinnar. Þannig þróaðist nafn stofnunarinnar í „Raun- vísindastofnun Háskólans", sem endanlega var fest í reglugerð um stofnunina.

Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir, að starfsemi stofnunarinnar yrði í stórum dráttum þrjúþætt:

1. Fyrirfram ákveðnar fastbundnar mælingar og reiknivinna og skyld störf, svo sem hagnýt tölfraði, útreikningar með rafreikni, rannsóknir í lífrænni efnifræði (t.d. eggjahvítu- og fituefna), massaspektró- metrískar mælingar, framleiðsla og mæling geislavirkra efna, raf- eindarannsóknir, smíði rannsóknatækja, bergsegulmælingar, segul- sviðsmælingar og rekstur segulmælingastöðvar, jónhvolfarannsóknir, norðurljósarannsóknir, geimgeislarannsóknir, athugun gervi- hnatta, þyngdarmælingar, jarðskjálftamælingar, rannsóknir á rennsli grunnvatns, jarðhitarannsóknir, jarðefnafræði.
2. Meira eða minna tímabundnar sérrannsóknir einstakra manna eða deilda.

### 3. Þátttaka í kennslu við háskólann og þjálfun ungra manna til vísindastarfa.

Í áætlun um starfslið var gert ráð fyrir 28 vísindamönnum, þ. á m. 8 styrkþegum sem hefðu vinnuáðstöðu við stofnunina um takmarkaðan tíma og 28 aðstoðarmönnum, þegar stofnunin væri fullskipuð. Gert var ráð fyrir að háskólamenntað starfslið stofnunarinnar skiptist í þrjá hópa sérfræðinga:

1. Fastráðnir sérfræðingar, sem flestir mundu jafnframt vera prófessorar við háskólann, 2 í stærðfræði, 4 í eðlisfræði, 2 í efnafræði og 2 í jarðeðlisfræði.
2. Lausráðnir sérfræðingar á launum hjá stofnuninni, 2 í stærðfræði, 3 í eðlisfræði, 2 í efnafræði og 2 í jarðeðlisfræði.
3. Styrkþegar, sem stofnunin greiðir ekki laun, en veitir vinnuáðstöðu.

Hæfilegt húsnæði var áætlað 2500 m<sup>2</sup>. Ekki var gert ráð fyrir að stofnunin hefði dýr tæki né tæki sem krefjast mikillar vinnu, „svo sem stóra accelerators og reaktora“. Þó væri æskilegt, að eðlisfræðideildin hefði sæmlega öflugan nevtrónugjafa, m.a. fyrir „neutron activation analysis“. Einnig væri æskilegt að stærðfræðideildin hefði fullkomna reiknivél.

Gerð var kostnaðaráætlun upp á 25 milljónir kr. (um 425 milljónir kr. á núverandi verðlagi skv. upplýsingum Hagstofu Íslands), 15 millj. kr. í byggingarkostnað og 10 millj. kr. í tæki og húsbúnað.

Í ágúst 1961 var haldin ráðstefna á vegum menntamálaráðuneytisins um vísindarannsóknir á Íslandi. Þar voru tillögur þessar kynntar og var ein af niðurstöðum ráðstefnunnar að efla bæri undirstöðurannsóknir í raunvísindum við Háskóla Íslands. Tillögurnar voru lagðar fyrir ríkisstjórn sumarið 1961, en undirtektir voru engar og litlar vonir um að tillögunum yrði hrundið í framkvæmd. Ríkisstjórnin hafði, að ósk háskólans frá mars 1961, ákveðið að minnast 50 ára afmælis háskólans með því að koma á fót handritastofnun við háskólann.

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, James Penfield, hafði forgöngu um að Bandaríkjastjórn ákvað að færa Háskóla Íslands fimm milljónir íslenskra króna að gjöf í tilefni af 50 ára afmæli hans. Fé þetta kom úr mótvirðissjóði (Counterpart Fund), sem varð til vegna Marshall aðstoðar Bandaríkjanna til Íslands. Í samráði við háskólarektor, sem hafði tillögurnar frá í maí 1961 undir höndum, var ákveðið að fé þessu skyldi varið „til að aðstoða við að koma á fót rannsóknastofnun í eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og jarð-

eðlisfræði samkvæmt áætlun til eflingar raunvísindaskólans 6. október 1961.

Í desember 1961 fólu úrskurðararnar, að endurskoða þær tillögur. Nefndin skilaði tillögum reisa byggingu, sem rúmlega næstu 5-10 árin fyrir 20 Ármann Snævarr, kynnti skyldi varið fyrir ríkissmenntamálaráðherra, Gyðis koma stofnuninni á fót. stofnunina. Hinn 6. des.

ast undirbúning byggingar Þorbjörn Sigurgeirsson og menn voru K. Guðmun veitustjóri, Loftur Þorste magnsstjóri. Þá var ein henni prófessorarnir Leif Baldursson, Trausti Einarson yfirverkfræðingur. Í byggingu stofnunarinnar þennan fyrsta byggingar héðinn Jóhannsson. Teil bygging, en áfangi II var byggingarinnar. Sá áfangi var hugsaður fyrir stærðfræðingum að þriðja áfangi.

Byggingarframkvæmdir byggingarinnar var tekið Háskóla Íslands fyrir framkvæmdum vegna áfangi 1966. Byggingarkostnaði Bandaríkjastjórnar og Hapdrætti Háskóla Íslands.

Sérfræðinganefnd um eðlisfræðideildar, vann að sa

a manna til vísinda-

nönnum, þ. á m. 8  
takmarkaðan tíma  
Gert var ráð fyrir  
á hópa sérfræðinga:

amt vera prófessor-  
2 í efnafræði og 2 í

ii. 2 í stærðfræði, 3

eitir vinnuáðstöðu.

ráð fyrir að stofn-  
..svo sem stóra acc-  
leildin hefði sæmi-  
n analysis". Einnig  
nivél.

425 milljónir kr. á  
15 millj. kr. í bygg-

laráðuneytisins um  
nntar og var ein af  
óknir í raunvísind-  
ríkisstjórn sumarið  
gunum yrði hrund-  
as frá mars 1961,  
þ koma á fót hand-

hafði forgöngu um  
milljónir íslenskra  
úr mótvirðissjóði  
r Bandaríkjanna til  
nar frá í maí 1961  
að aðstoða við að  
stærðfræði og jarð-

eðlisfræði samkvæmt áætlunum, sem samdar hafa verið af háskólans hálfu, til eflingar raunvísindarannsókna við Háskóla Íslands". Á afmælishátíð háskólans 6. október 1961 afhenti sendiherrann háskólarektor bréf þessa efnis. Þessi gjöf skipti sköpum fyrir framgang málsins.

Í desember 1961 fól háskólarektor nefndinni, sem samið hafði tillögurnar, að endurskoða þær og koma með tillögu um hvernig fénu skyldi varið. Nefndin skilaði tillögum í júní 1962 og lagði til að fénu yrði varið til að reisa byggingu, sem rúmað gæti rannsóknastarfsemi á fyrrgreindum sviðum næstu 5-10 árin fyrir 20 vísindamenn og 15 aðstoðarmenn. Háskólarektor, Ármann Snævarr, kynnti hinar endurskoðuðu tillögur um hvernig gjafafénu skyldi varið fyrir ríkisstjórn og með bréfi frá 26. okt. 1962 heimilaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, að hefja undirbúning að því að koma stofnuninni á fót, þ. á m. að hefja teiknivinnu fyrir byggingu fyrir stofnunina. Hinn 6. des. 1962 skipaði háskólaráð byggingarnefnd til að annast undirbúning byggingarframkvæmda og standa fyrir framkvæmdum. Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor var skipaður formaður og aðrir nefndarmenn voru K. Guðmundur Guðmundson forstjóri, Jóhannes Zoëga hitaveitustjóri, Loftur Þorsteinsson prófessor og Steingrímur Jónsson fyrrv. rafmagnsstjóri. Þá var einnig skipuð sérfræðileg ráðgjafarnefnd og voru í henni prófessorarnir Leifur Ásgeirsson, Magnús Magnússon, Steingrímur Baldursson, Trausti Einarsson, Þorbjörn Sigurgeirsson og Gunnar Böðvarsson yfirverkfræðingur. Hinn 31. jan. 1963 var staðsetning á fyrsta áfanga í byggingu stofnunarinnar ákveðin, sunnan Háskólabíós. Arkitektar fyrir þennan fyrsta byggingaráfanga voru ráðnir Sigvaldi Thordarson og Skarphéðinn Jóhannsson. Teiknaðir voru tveir áfangar. Áfangi I varð endanleg bygging, en áfangi II var hugsaður tengdur áfanga I sunnan við aðalinngang byggingarinnar. Sá áfangi, sem var ferningslaga með opnu svæði í miðju, var hugsaður fyrir stærðfræði og stærðfræðilegar greinar. Einnig voru gerð frumdrög að þriðja áfanga austan við áfanga I.

Byggingarframkvæmdir við áfanga I hófust vorið 1964. Hluti af kjallara byggingarinnar var tekinn í notkun í desember 1964 fyrir Reiknistofnun Háskóla Íslands fyrir fyrstu tölvu háskólans, IBM 1620. Tafir urðu á byggingarframkvæmdum vegna gjaldþrots verktaka, en áfangi I var tilbúinn vorið 1966. Byggingarkostnaður var tæpar 20 milljónir króna og var gjafafé Bandaríkjastjórnar (með vöxtum) 6 milljónir, 7,5 milljónir komu frá Happraætti Háskóla Íslands og 6,4 milljónir úr ríkissjóði.

Sérfræðinganefnd undir forystu Magnúsar Magnússonar, forseta verkfræðideildar, vann að samningu reglugerðar fyrir stofnunina veturinn 1965-

1966. Reglugerð um Raunvísindastofnun Háskólans var sett 4. júní 1966 og þar með var nafn stofnunarinnar endanlega ákveðið. Var það fyrsta háskólastofnunin, sem reglugerð var sett um. Stofnanir höfðu verið starfræktar í meiri eða minni tengslum við háskólann án reglugerðar og aðrar stofnanir voru settar á stofn með lögum og höfðu lítil raunveruleg tengsl við háskólann. Í reglugerðinni segir m.a., að stofnunin sé háskólastofnun, sem heyrir undir háskólaráð.

Um fjármál stofnunarinnar segir, að hún hafi sjálfstætt fjárhald og beri sjálfstæða fjárábyrgð. Þetta þýddi að stofnunin hafði talsvert sjálfstæði í fjármálum. Hún var undir sérstökum lið á fjárlögum og fjárveitingatillögur voru sendar beint í menntamálaráðuneytið og voru ekki lagðar fyrir háskólaráð, en afrit af þeim var sent háskóla- rektor.

Í fyrstu skiptist stofnunin í fjórar rannsóknastofur, í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðeðlisfræði. Með reglugerðarbreytingu í mars 1968 var jarðeðlisfræðistofu breytt í rannsóknastofu í jarðvísindum.

Um starfslíð stofnunarinnar segir m.a. um vísindalega menntaða starfsmenn, að þeir séu annað hvort fastráðnir eða ráðnir til takmarkaðs tíma, 1-3 ára. Ráðning til takmarkaðs tíma var nýmæli og sett til að gefa ungum vísindamönnum, sem koma frá námi, tækifæri til að stunda rannsóknir hér á landi um tíma. Sumir gætu orðið fastráðnir við stofnunina, aðrir leitað til starfa á öðrum rannsóknastofnunum. Um þessa starfsmenn var sett ákvæði um takmarkaða kennsluskyldu við háskólann. Var þetta hugsað til að efla kennaralið háskólans í greinum stofnunarinnar. Undantekning var um starfsmenn Eðlisfræðistofnunar Háskólans sem urðu starfsmenn Raunvísindastofnunar þegar Eðlisfræðistofnunin („rannsóknarstofa til mælinga á geislavirkum efnum” skv. reglugerð um Háskóla Íslands frá 1958) var lögð niður og var felld inn í Raunvísindastofnunina. Að kröfu þeirra var ekki sett ákvæði um kennslu við háskólann í ráðningarsamninga þeirra.

Raunvísindastofnun Háskólans tók formlega til starfa 12. júlí 1966. Forstöðumenn rannsóknarstofna stofnunarinnar voru kosnir Leifur Ásgeirsson í stærðfræði, Þorbjörn Sigurgeirsson í eðlisfræði, Steingrímur Baldursson í efnafræði og Þorsteinn Sæmundsson í jarðeðlisfræði. Við breytingu jarðeðlisfræðistofu í jarðvísindastofu 1968 var Sigurður Þórarinnsson kosinn forstöðumaður þeirrar stofu. Forstjóri stofnunarinnar var kosinn Magnús Magnússon.

Starfsemi rannsóknarstofanna fór misjafnlega hratt af stað. Starfsemi Eðlisfræðistofnunar Háskólans ásamt starfslíði fór strax af fullum krafti inn í eðlisfræðistofu, nema jarðeðlisfræðileg verkefni, þ.á m. rekstur segulmælingastöðvarinnar í Leirvögi, sem fóru í jarðeðlisfræðistofu. Tveir sérfræð-

ingar voru, eftir fram stærðfræðistofu í 1-3 á fræðistofu. Tveir vísing bundið á árinu 1967, er mundur Guðbjarnason

Magnús Magnússon  
Cambridge háskóla  
skóla 1952. Hann st  
1954-55 og Nordita  
prófessors í eðlisfræ  
maður Reiknistofu  
indastofnunar Hásk

sett 4. júní 1966 og það fyrsta háskóla-  
verið starfræktar í  
og aðrar stofnanir  
tengsl við háskól-  
stofnun, sem heyrir

ett fjárhald og beri  
alsvert sjálfstæði í  
fjárveitingatillögur  
ki lagðar fyrir há-

í stærðfræði, eðlis-  
ytingu í mars 1968  
ndum.

ga menntaða starfs-  
akmarkaðs tíma, 1-  
til að gefa ungum  
nda rannsóknir hér  
nina, aðrir leitað til  
enn var sett ákvæði  
a hugsað til að efla  
lantekning var um  
tarfsmenn Raunvís-  
stofa til mælinga á  
s frá 1958) var lögð  
í þeirra var ekki sett  
þeirra.

á 12. júlí 1966. For-  
Leifur Ásgeirsson í  
grímur Baldursson í  
breytingu jarðeðlis-  
son kosinn forstöðu-  
Magnús Magnússon.  
t af stað. Starfsemi  
: af fullum krafti inn  
n. rekstur segulmæl-  
tofu. Tveir sérfræð-

ingar voru, eftir framhaldsnám við erlendar háskólastofnanir, ráðnir að stærðfræðistofu í 1-3 ára stöður á árinu 1967. Hægast gekk að manna efnafræðistofu. Tveir vísindamenn frá innlendum stofnunum störfuðu þar tímabundið á árinu 1967, en starfsemin óx hratt og komst í fast form þegar Sigmundur Guðbjarnason tók við forstöðu efnafræðistofu árið 1970.

*Magnús Magnússon lauk BA gráðu í eðlisfræði og stærðfræði 1949 frá Cambridge háskóla í Englandi og MA gráðu í eðlisfræði frá sama skóla 1952. Hann stundaði rannsóknir við Princeton í Bandaríkjunum 1954-55 og Nordita í Kaupmannahöfn 1958-60. Hann gegndi embætti prófessors í eðlisfræði við Háskóla Íslands 1960-1996, var forstöðumaður Reiknistofu Háskóla Íslands 1963-1973 og forstjóri Raunvísindastofnunar Háskólans 1966-1976.*